



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Drög að reglum um úthlutun fjármagns vegna stuðnings í leikskólum

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 11. maí 2016, voru lögð fram drög að reglum um úthlutun fjármagns vegna stuðnings í leikskólum. Jafnframt lagður fram verkferill vegna úthlutunar, minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 25. apríl 2016, um tillögur varðandi stuðning í leikskólum og reglur við úthlutun á stuðningstímum til barna í leikskólum hjá Reykjavíkurborg, sem samþykktar voru í borgarráði.

Reglur um úthlutun fjármagns vegna stuðnings voru samþykktar og vísað til borgarráðs með fjórum atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna gegn tveim atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina sat hjá.

Reglurnar taki gildi 1. júní 2016. Frá sama tíma falla úr gildi reglur við úthlutun á stuðningstímum til barna í leikskólum hjá Reykjavíkurborg frá 6. október 2011.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Ekki verður annað séð en að fyrirliggjandi tillaga um úthlutun á stuðningstímum í leikskólum Reykjavíkur feli í sér skerðingu á þjónustu þar sem horfið verður frá því að úthluta fé vegna barna með málþroskafrávik sérstökum sérkennslustundum með sérkennara en þess í stað fer stuðningurinn fram í hópnum sem allir starfsmenn sinna óháð því hvort þeir hafi sértæka menntun á sviði sérkennslu eða ekki. Ljóst er að tilgangur umræddra breytinga er að mæta boðuðum niðurskurði í sérkennslu upp á 80 milljónir króna. Þegar um svo miklar breytingar er að ræða hefði verið bæði heppilegra og faglegra að fara af stað með tilraun í nokkrum skólum í stað þess að innleiða þær í alla skóla án þess að fyrir liggi úttekt á því hvort þessar breytingar séu til þess fallnar að ná meiri árangri en sá stuðningur sem í boði hefur verið hingað til. Fram hefur komið að meta eigi árangur þessara breytinga að tveimur árum liðnum. Nái breytingarnar ekki tilætluðum árangri er ljóst að mjög dýrmætur tími á málþroskaskeiði barna hefur farið til spillis.


Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Vinstri grænna og Bjartrar framtíðar áretta að með breytingum á reglum um stuðning á leikskólum er lögð áhersla á að styrkja fagstarfið á leikskólunum og gera stuðning við börn með sérþarfir í auknum mæli að sameiginlegu verkefni starfsfólks leikskóladeilda undir handleiðslu ábyrgðarmanns

sérkennslu. Fjármagnið er nýtt með markvissari hætti til að stuðla að auknum framförum.

Samþykkt um reglur um úthlutun fjármagns vegna stuðnings í leikskólum er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllst

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Helgi Grímsson', with a long horizontal stroke extending to the right.

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Drög að reglum

Verkferill vegna úthlutunar

Minnisblað sviðsstjóra, dags. 25.apríl 2016

Reglur um úthlutun fjármagns vegna stuðnings í leikskólum

Gildissvið

Reglurnar gilda um úthlutun fjármagns vegna stuðnings í leikskólum Reykjavíkurborgar og sjálfstætt reknum leikskólum í Reykjavík með samning við skóla- og frístundasvið um greiðslu framlags til þeirra. Við úthlutun er fylgt verkferli fagskrifstofu leikskóla á skóla- og frístundasviði.

Ábyrgð á skipulagi stuðnings

Leikskólastjóri ber ábyrgð á skipulagi stuðnings í leikskólum, framkvæmd þess og endurmati.

Leikskólastjóri sér til þess að börn njóti stuðnings í leikskólanum og að boðið sé upp á þroskavænleg verkefni í leik og starfi. Leikskólastjóri hefur náði samstarf við foreldra, sérkennsluráðgjafa og ýmsa sérfræðinga sem tengjast leikskólanum vegna barna sem þurfa og njóta stuðnings.

Þar sem er ábyrgðarmaður sérkennslu í leikskóla, ber hann ábyrgð á gerð áætlana og sér um að þeim sé framfylgt og þær endurmetnar.

Áhersla skal vera lögð á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þáttakandi í leikskólastarfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og kostur er. Gæta skal sérstaklega að því að barn sem nýtur stuðnings einangrist ekki heldur sé hluti af hópnum og eigi hlutdeild í leikskólastarfinu.

Leikskólastjóri bera ábyrgð á því hvernig úthlutun vegna stuðnings er nýtt og hvernig hún skiptist á milli einstakra barna. Leikskólum ber að skila greinargerð til skrifstofu skóla- og frístundasviðs um nýtingu fjármagns vegna stuðnings þar sem fram komi lýsing á framkvæmd stuðnings og mat á árangri. Greinargerð skal berast fyrir 1. júlí ár hvert vegna síðastliðinna tólf mánaða.

Ekki er heimilt að nýta fjármagn vegna stuðnings í leikskólum til að standa straum af annarri starfsemi leikskóla.

Úthlutun fjármagns vegna stuðnings í leikskólum

Úthlutun á fjármagni verður í samræmi við fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs til málaflokksins og þann fjölda barna sem þurfa stuðning hverju sinni.

Úthlutað er fjármagni til leikskóla á grundvelli tveggja flokka auk þess sem veitt er fjármagn vegna stöðu ábyrgðarmanns sérkennslu í leikskólanum.

1. flokkur

Börn sem hafa m.a. fengið greiningu frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins (GRR), Barnalækni vegna veikinda, Þroska og hegðunarstöð heilsugæslunnar (ÞHS), Heyrnar- og talmeinafstaða Íslands (HTÍ) og Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, daufblinda og sjónskerta einstaklinga. Þessi börn þurfa á verulegri aðstoð og íhlutun að halda í daglegu

lífi vegna t.a.m. fjölfötlnar, alvarlegrar og miðlungs þroskahömlunar (<50), verulegrar hreyfihömlunar (hjólástóll/hækjur), verulegrar tengslaskerðingar eða blindu og heyrnarleysis, og alvarlega langveik börn.

Úthlutað er fjármagni til leikskóla vegna tímafjölda til samræmis við daglegan vistunartíma barnsins í leikskólanum og þjónustupörf þess. Þjónustupörf barnsins er metin af ábyrgðarmanni sérkennslu í leikskóla barnsins í samvinnu við sérfræðiþjónustu þjónustumiðstöðvanna. Tímafjöldinn getur verið allt að 9,5 tímar á dag.

Fullur stuðningur telst 6 tímar miðað við 8 tíma daglega vistun barns í leikskóla. Sé þroskaskerðing barns með þeim hætti að þörf sé á stuðningi í fleiri tíma er unnt að senda beiðni um fleiri tíma til skrifstofu skóla- og frístundasviðs með rökstuðningi, byggðum á mati, í samvinnu við sérfræðiþjónustu þjónustumiðstöðvarinnar.

2. flokkur

Börn sem þurfa reglulega á aðstoð og íhlutun að halda t.a.m. vegna vægrar þroskahömlunar (51-70), hreyfihömlunar (aðstoð við ferli), verulegrar sjón- og heyrnarskerðingar, vægrar tengslaskerðingar, langtímaveik börn sem þurfa nokkra umönnun, börn sem þurfa töluverða aðstoð vegna alvarlegra hegðunar- og tilfinningalegra erfiðleika.¹

Leikskóli fær fjármagn vegna stuðnings. Fjármagnið fer eftir fjölda og samsetningu barna með þörf fyrir stuðning í leikskólanum og fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs til málaflokksins. Mat á þjónustupörf er unnið af ábyrgðarmanni sérkennslu í leikskóla barnsins í samvinnu við sérfræðiþjónustu þjónustumiðstöðvanna.

Hægt er að sækja um fjármagn vegna tímabundins stuðnings við barn sem eftir mat sálfræðings hefur verið vísað til nánari greiningar á Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins, Þroska og hegðunarstöðvar heilsugæslunnar eða sambærilegra aðila.

Ábyrgðarmaður sérkennslu

Leikskóli fær úthlutað ákveðnu fjármagni í samræmi við fjölda barna í leikskólanum. Þetta fjármagn er eyrnamerkt leikskólanum fyrir stöðu ábyrgðarmanns sérkennslu m.a. til að sinna börnum með málþroskafrávik og félagslega og tilfinningalega erfiðleika.

Leikskóli með 79 börn og færri fær fjármagn vegna 50% stöðugildis, leikskóli með 80 til 99 börn fær fjármagn vegna 75% stöðugildis og leikskóli með 100 börn eða fleiri fær fjármagn vegna 100% stöðugildis. Leikskólar með 200 börn eða fleiri fá fjármagn vegna tveggja 100% stöðugilda. Sérhæfðir leikskólar fá að auki framlag vegna eins 100 % stöðugildis vegna sérhæfingar sinnar.

Gildistaka

Reglurnar taka gildi þann 1. júní 2016. Úthlutun sem nú þegar hefur farið fram verður óbreytt til 1. september 2016. Greitt verður fjármagn vegna ábyrgðarmanns sérkennslu frá 1. september 2016.

¹ Alvarlegir hegðunarerfiðleikar er þegar barn sýnir stjórnlauða hegðun, ofbeldishegðun eða reynir ítrekað að stinga af úr leikskóla. Alvarlegir tilfinningalegir erfiðleikar er þegar barn hefur sætt misnotkun, mikil veikindi eru á heimili barns, eða barn hefur á anna hátt orðið fyrir tilfinningalegu áfalli.

Með reglum þessum falla úr gildi reglur við úthlutun á stuðningstímum til barna í leikskólum hjá Reykjavíkurborg samþykktar í borgarráði þann 6. október 2011.



Verkferill vegna úthlutunar

1. Beiðni um athugun á þroska barna þarf að berast á beiðnablaði til sérfræðipjónustu leikskóla í viðkomandi þjónustumiðstöð.
2. Þegar niðurstöður greiningar liggja fyrir og greiningarniðurstöður benda til frávika í þroska sækir viðkomandi leikskólastjóri um úthlutun fjármagns vegna stuðnings á þar til gerðu eyðublaði til sérkennslufulltrúa á skóla- og frístundasviði.
3. Ábyrgðarmaður úthlutunar er sérkennslufulltrúi leikskóla á skóla- og frístundasviði. Hann skipuleggur úthlutunarfundi í samráði við þjónustumiðstöðvarnar. Í úthlutunarteymi sitja deildarstjóri sérfræðipjónustunnar í viðkomandi þjónustumiðstöð og sérkennslufulltrúi leikskóla. Einnig situr fundina sérkennsluráðgjafi þjónustumiðstöðvarinnar sem er ráðgjafi í teyminu. Teymið fjallar um beiðnir sem berast og úthlutar í samræmi við úthlutunarreglur og fjárhagsramma. Horft er til greiningarniðurstaðna við úthlutun stuðningsfjármagns en einnig hafa aðstæður barna áhrif á niðurstöður úthlutunar svo sem:
 - Dagleg ummönnunarþörf
 - Félagslegar aðstæður
 - Hjálpartækjaþörf
 - Boðskiptaþörf
4. Sérkennslufulltrúi sendir tilkynningu um niðurstöður úthlutunarteymis til leikskólastjóra og deildarstjóra sérfræðipjónustu á viðkomandi þjónustumiðstöð.
5. Þegar fjármagni er úthlutað úr 1. flokki er að öllu jöfnu úthlutað til eins árs, en þegar úthlutað er úr 2. flokki er úthlutað til skemmri tíma en að hámarki til eins árs.

Í sérstökum tilvikum, þegar barn þarf stöðuga aðgæslu meirihluta dvalartíma síns í leikskólanum, getur teymið úthlutað leikskóla meira fjármagni en flokkunarröð segir til um.



Reykjavík, 25. apríl 2016
SFS2016040149
97. fundur / fskj. 1.1
HG/Hsk/ehp

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð
Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillögur varðandi stuðning í leikskólum

Núgildandi reglur um úthlutun á stuðningstíma til barna í leikskólum Reykjavíkurborgar voru samþykktar í borgarráði þann 6. október 2011.

Breytt fyrirkomulag stuðnings í leikskólum hefur verið til umfjöllunar síðan haustið 2015. Samráð leikskólastjóra ásamt nokkrum leikskólastjórum kom upphaflega að vinnu við tillögur sviðsins að breytingum á gildandi reglum. Tillögunum var breytt í samræmi við þær athugasemdir sem fram komu á þeim fundi og þær kynntar á fundi leikskólastjóra sem haldin var í 14. apríl sl. Leikskólastjórar ræddu tillögurnar í hópum og skiluðu inn umræðupunktum.

Almenn ánægja var með tillögunar meðal leikskólastjóra og þá sérstaklega með hækkun úthlutunar til stöðu ábyrgðarmanns sérkennslu. Margir voru ánægðir með að breyta úthlutun úr 2. flokki með þeim hætti að úthluta fjármagni í stað tíma, en einnig komu fram ákveðnar áhyggjur af því að fjármagnið yrði dregið saman.

Tillögur að þessum breytingum hafa einnig verið til umfjöllunar í starfshópi um sérkennslu og stuðningi og verið jákvætt tekið í þær, enda er aukin krafa í leikskólasamfélaginu um að styðja við bakið á fagstarfi leikskólanna og auka ráðgjöf til leikskólanna vegna barna sem þurfa stuðning.

Tillögur að breytingum á reglum um úthlutun á stuðningstímum til barna miða jafnframt að því að nýta með markvissari hætti fjármagnið sem varið er til stuðnings, með það að markmiði að stuðla að skýrum framförum viðkomandi barna.

Helstu breytingar eru eftirfarandi:

1. Staða ábyrgðarmanns sérkennslu/sérkennslustjóra

- a. Lagt er til að 20 stöðugildi verði sett inn í leikskólana og að hlutfall ábyrgðarmanns sérkennslu verði 50% - 75% - 100%, allt eftir fjölda barna í leikskóla. Leikskólarnir Sólborg, Suðurborg og Múlaborg fái tvö stöðugildi

hver, enda allir skilgreindir sem sérhæfðir leikskólar. Leikskólinn Rauðhóll fái einnig tvö stöðugildi þar sem fjöldi barna er yfir 200.

- b. Lagt er til að 10 stöðugildi auk fjármagns vegna barna af erlendum uppruna verði til umsóknar og verði þeim úthlutað eftir samsetningu skóla þar sem horft verður m.a. til fjölda barna af erlendum uppruna, fjölda barnaverndarmála í skóla og fjölda úthlutaðra tíma.

Samkvæmt núverandi reglum er staða ábyrgðarmanns sérkennslu reiknuð sem 0,5% stg. pr. barn. Í minnsta skólanum hefur því verið 22,5 % staða, algengt stöðugildi hefur verið 30 til 40%, þar sem margir leikskólar eru með 60 til 80 börn.

Staða ábyrgðarmanns sérkennslu er í öllum tilfellum skipuð faglærðum aðila sem starfar sem faglegur leiðtogi í leikskólanum. Áhersla er lögð á að starfslýsingar þeirra verði skýrari en nú er og að fræðsla til þeirra verði stóraukin frá og með næsta skólaári.

2. Breyting á úthlutun úr 2. flokki

a. Börn með málþroskaraskanir

Lagt er til að breyta úthlutun vegna barna með málþroskafrávik og láta þann stuðning vera í höndum ábyrgðarmanns sérkennslu.

Úthlutun til barna með málþroskaraskanir hefur verið 1 til 2 tímar á dag. Í nokkurn tíma hefur verið umræða meðal fagfólks leikskóla um hvort breyta mætti þessu úthlutunarfyrirkomulagi. Umræðan hefur snúið að því að nýta mætti það fjármagn sem fer í þennan málaflokk á annan hátt og auka þyrfti ráðgjöf til starfsfólks inn í leikskólum. Með þeirri breytingu sem nú er lagt til er stefnt að því að þjónusta við börn með málþroskafrávik verði í auknum mæli sameiginlegt verkefni starfsmanna á viðkomandi leikskóladeild undir faglegri stjórn ábyrgðarmanns sérkennslu, í stað þess að vera í formi úthlutaðra tíma tiltekinna starfsmanna með viðkomandi börnum.

b. Önnur úthlutun úr 2. flokki

Lagt er til að breyta fyrirkomulagi úthlutunar úr 2.flokki. Í stað þess að úthluta tímum verði úthlutað fjármagni.

Í núverandi reglum er úthlutað tímum til barna í 2. flokki. Við úthlutun er ekki vitað hver launakostnaður er og því erfitt um vik að gera áætlanir um útgjöld vegna þessa. Gerð er tillaga um að í stað tíma þá verði úthlutað ákveðnu fjármagni. Með því móti hefur leikskólastjóri frjálsari hendur um hvernig fjármagninu er varið. Hann getur ráðið starfsmann, keypt inn ráðgjöf eða keypt aðföng.

Með úthlutun fjármagns í stað tíma auðveldar það áætlanagerð um miðlæga ráðstöfun fjár til stuðnings og það mun jafnframt auðvela launaskráningu í leikskólum sem hefur í langan tíma verið flókin og erfið.

1. flokkur – engin breyting

Úthlutun vegna stuðnings til barna í 1. flokki verði óbreytt. Nauðsynlegt er að gera ráð fyrir að uppeldismenntaðir starfsmenn sinni börnum með alvarleg þroskaskerðingu og greiddur sé raunkostnaður þeirra starfsmanna.

Gert er ráð fyrir að reglurnar taki gildi þann 1. júní 2016 og að frá sama tíma falli úr gildi reglur samþykktar af borgarráði þann 6. október 2011.